

Reglur Vesturbyggðar um ferðapjónustu fatlaðra

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992

1. gr.

Markmið og markhópur

Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að gera fötluðum sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki og/eða eigin farartæki kleift að stunda atvinnu og nám samanber 35. grein laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, sækja þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega, s.s. hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 1. – 4. tölulíðar 9. gr. og njóta skipulags tómsundastarfs.

2. gr.

Réttur til þjónustunnar

Ferðapjónusta fatlaðra er ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga, 6 ára og eldri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a) Bundnir hjólastól
- b) Blindir og geta ekki notað önnur farartæki
- c) Þurfa sérhæfða ferðapjónustu til að komast leiðar sinnar vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.
- d) Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til ferðapjónustu samkvæmt reglum þessum. Heimilt er að veita undanþágur frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks félagsþjónustunnar vegna sérstakra aðstæðna.

Fatlaðir sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta átt kost á ferðapjónustu ef lögheimilissveitarfélagið greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs og skipulagningar þjónustunnar. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

Varðandi meðferð umsókna sem berast frá einstaklingum sem dveljast á hjúkrunarheimilum eða öldunarstofnunum skal fara fram sérstakt einstaklingbundið mat á þjónustu með hliðsjón af þörfum umsækjanda og þeirri þjónustu sem er veitt eða skal veitt af viðkomandi stofnun, að fenginni greinargerð viðkomandi stofnunar.

3.gr.

Umsókn um þjónustu, afgreiðsla og mat umsókna.

Umsóknir um ferðapjónustu fatlaðra skulu berast til Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu á sérstöku eyðublaði sem nálgast má hjá félagsþjónustu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Skal umsóknin metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningsamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Félagsþjónustan tekur ákvörðun um ferðapjónustu.

Í umsókn skal veita almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skal tilgreina fötlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Þegar sótt er um ferðapjónustu í fyrsta sinn skal leggja fram staðfestingu sérfræðings um þörf fyrir ferðapjónustu og fjölda ferða, sem og tímalengd þjálfunar eða endurhæfingar þegar það á við.

Félagsmálanefnd hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstæðra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni. Félagsmálanefnd metur umsóknir til skemmri eða lengri tíma, t.d. árstíðabundið. Leiki vafi á rétti til þjónustunnar er félagsmálanefnd heimilt að óska viðeigandi vottorða, t.d. frá lækni, sjúkrapjálfa, iðjuþjálfara eða þroskapijálfa. Á grundvelli þjónustumatsins tekur nefndin ákvörðun um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er.

Umsókn skal svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því hún barst.

5. gr.

Forgangur, ferðafjöldi og þjónustutími

Ferðir vegna vinnu, skóla, þjálfunar og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Ferð í reglum þessum telst akstur milli tveggja staða. Fatlaðir notendur eiga rétt á ferðapjónustu vegna ferða til og frá hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, grunnskólum, vernduðum vinnustöðum og vegna annarrar sértækrar þjónustu fyrir fatlaða og er þessi þjónusta fötluðum notendum að kostnaðarlausu. Miða skal við að notandi fái eins margar ferðir vegna atvinnu eða náms og eðlilegt má telja. Heildafjöldi ferða vegna atvinnu, náms og annarrar þjónustu eða tómsunda skal þó ekki vera fleiri en 60 á mánuði.

Fyrir akstur vegna annarrar þjónustu skulu notendur greiða gjald samkvæmt 9. gr. Með annarri þjónustu er m.a. átt við skammtímavistun, stuðningsfjölskyldur, sumardvalarheimili, menningar-, tómsunda- og félagslíf, almenna vinnustaði og framhaldsskóla. Ferðafjöldi til að sækja menningar-, tómsunda- og félagslíf er háður takmörkunum og miðað við að þær séu ekki fleiri en 16 á mánuði.

Sækja má um undanþágu frá ákvæði 2. mgr. um hámarksfjölda ferða. Beiðni um undanþágu skal vera skrifleg ásamt lýsingu á aðstæðum umsækjanda og ástæðum undanþágubeiðninnar. Heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum. Undanþága skal ekki veitt nema um sé að ræða brýna þörf.

6. gr.

Samningur um þjónustu o.fl.

Strax og umsókn hefur verið samþykkt skal gera samning við notanda um akstur. Skulu fastar ferðir vegna atvinnu og/eða náms skilgreindar, sem og aðrar reglulegar ferðir. Tilkynna þarf með að lágmarki dags fyrirvara, ef óskað er eftir breytingum á reglulegum ferðum samkvæmt samningi og ef óskað er eftir ferðum sem ekki er kveðið á um í samningi. Tilkynningum um breytingar á ferðum og/eða afpöntun ferða skal beina til félagsþjónustunnar. Afpanta skal ferð með minnst þriggja klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst hún með í uppgjöri.

Þeir sem njóta ferðapjónustunnar skulu hafa tiltekin ferðaleyfi sem gefin eru út af félagsþjónustunni.

7. gr.

Þjónustusvæði og akstur

Ferðapjónusta er veitt innan marka sveitarfélagsins. Ekið skal að og frá anddyri viðkomandi húss eða stofnunar. Bílstjórar skulu aðstoða notendur við að komast í og úr bifreið gerist þess

þörf. Bílstjórar aðstoða ekki þar sem snjór, hálfka eða aðrar hindranir eru til staðar. Aðstoð fyrir farþega skal vera fyrir hendi á vegum hans, gerist þess þörf.

Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma og þarf bílstjóri ekki að bíða, sé notandi ekki tilbúinn. Bílstjórar annast ekki sendiferðir fyrir farþega.

Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og verða notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingu á áætlun. Ferðir geta tafist eða fallið niður vegna veðurs, bilana eða annarra ófyrirséðra orsaka.

Farþega er heimilt að taka með sér fylgdarmann. Geti farþegi ekki ferðast einsamall án þess að valda öðrum óþægindum getur félagsþjónustan krafist fylgdarmanns með honum. Fylgdarmaður greiðir sama gjald og farþegi.

Bílstjórar skulu sýna notendum virðingu, tillitssemi og trúnað.

8. gr.

Pöntun þjónustu

Tekið er á móti pöntun um þjónustu á skrifstofu Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu á skrifstofutíma í síma 4502300.

9. gr.

Gjaldtaka

Ekki er greitt fyrir ferðir til að sækja sérhæfða þjónustu við fatlaða, svo sem hæfingu og endurhæfingu. Fyrir aðrar ferðir svo sem til og frá vinnu og framhaldsskóla, og vegna þátttöku í menningar-, tómsunda- og félagslífi, er greitt samkvæmt gjaldskrá Strætó. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

Börn í grunnskóla eru undanþegin gjaldi falli sá akstur undir reglur um skólaakstur

10. gr.

Synjun

Umsækjendum sem er synjað um ferðaþjónustu skal svarað skriflega, þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.

11. gr.

Málskot

Telji notandi/umsækjandi á rétt sinn hallað, samkvæmt reglum þessum, er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu til Félagsmálanefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun félagsmálanefndar má vísa til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, skv. 3. tl. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 40/1991.

12. gr.

Endurskoðun.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Við endurskoðun á viðmiðum um ferðafjölda gildir eftirfarandi:

a. Tilkynningar og samráð: Tilkynna ber notendum, talsmönnum þeirra og réttindagæslumönnum um það þegar almenn viðmið um ferðafjölda eru tekin til

endurskoðunar. Umsagna skal leitað ef notendur eiga ekki fulltrúa í því ráði eða nefnd innan sveitarfélagsins sem undirbýr breytingu.

b. Athugun á viðmiðum í öðrum sveitarfélögum: Skoða ber fyrirkomulag þjónustunnar í aðliggjandi sveitarfélögum eða innan þjónustusvæðis með það fyrir sjónum að framkvæmdin verði eins og best gerist. Samhliða ber að kanna möguleika á samkomulagi um ferðir milli sveitarfélaga, sbr. 6. gr. leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum

c. Aðlögunartími: Gefa ber notendum aðlögunartíma áður en ákvörðun um ný viðmið kemur til framkvæmda.

13. gr. Gildistími

Reglur þessar eru settar skv. XI. kafla nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og taka gildi við staðfestingu bæjarráðs/bæjarstjórnar. Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd þann 17.12.2013 og í Bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 22.01.2014.

Viðauki við reglur Vesturbyggðar um ferðaþjónustu fatlaðra

Gjaldskrá 2014

Ein ferð (frá A-B): Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við almennt staðgreiðslugjald hjá Strætó b.s. er 350 kr.